

17.fundur

4. júlí 2019

0912049 SABÓH
Málalykill: 16.34

**Fundargerð fundar samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
Félags stjórnenda leikskóla**

17. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla var haldinn fimmtudaginn 4. júlí 2019. Fundurinn hófst kl. 10:30.

Fundinn sátu af hálfu FSL, Sigurður Sigurjónsson, Hulda Jóhannsdóttir, Sigrún Hulda Jónsdóttir og Vigdís Guðmundsdóttir. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Framlenging á tímabundinni ákvörðun samstarfsnefndar um svokallað 3% ákvæði

Á 15. fundi samstarfsnefndar SNS og FSL sem fram fór þann 20. júlí 2018 var samhliða breytingum á gildandi kjarasamningi tekið upp ákvæði, með gildistíma til 31. júlí 2019, um að grunnlaun leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra skuli að lágmarki vera 3% hærri en mánaðarlaun sem hann ella fengi sem deildarstjóri í lfl. 235 skv. ákvæðum í kjarasamningi Félags leikskólakennara.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd SNS og FSL er sammála um að hafi samningsaðilar ekki náð að ljúka gerð kjarasamnings fyrir 31. júlí 2019 gildir ákvæðið áfram þar til nýr kjarasamningur milli aðila hefur tekið gildi og fellur þá niður án frekari fyrirvara samhliða gildistöku á nýjum kjarasamningi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30